



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2024

ÍSAN1GA05

Íslenska sem annað tungumál - grunnáfangi

Kennari: **Sigprúður Harðardóttir**

Áfangalýsing:

Grunnáfangi íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða eru með erlendan bakgrunn. Áhersla lögð á alla þætti tungumálsins samkvæmt Evrópska tungumálarammanum (skilningur, talað mál, ritun) og sérstök áhersla lögð á að auka orðaforða. Viðfangsefni tengjast daglegu lífi og fjölbreyttar leiðir farnar til að ná markmiðum áfangans. Lesnir vera stuttir lestextar og sögur, hlustun, farið í einfalda ritun og kynningu á grunnþáttum íslenskrar málfræði.

Undanfari: . Áfanginn er fyrir byrjendur og þá sem litla kunnáttu hafa í íslensku.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi og athöfnum
- algengustu orðflokkum og einföldum beygingum
- hugtökum og heitum í nærumhverfi, andheitum og samheitum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfaldan texta með réttum framburði og áherslum
- greina lykilatriði og innihald stuttra texta s.s. fréttar
- beita einföldum málfræðireglum í talmáli og einfaldri ritun

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldri íslensku
- nota íslenskt mál í námi sínu og verkefnavinnu
- fara eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum

Námsefni:

- Jæja 1 - námsefni frá IÐNÚ
- Verkefnablöð frá kennara
- Fréttir og blaðagreinar
- Kæra dagbók – námsefni frá MMS
- Námsefni af vef

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
19. ágúst- 13. Sept.	Kynning. <ul style="list-style-type: none"> ✓ Unnið með, stafrófið, tölur, afmæli, klukkuna o.fl. ✓ Dagar, mánuðir, árstíðir ✓ Eintala fleirtala ✓ Matur og drykkur Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun	Ritunarverkefni Munnleg kynning Hlustunarverkefni Málfræðiverkefni
16. sept.- 11. okt.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Einföld samtöl og kveðjur ✓ Líkaminn, útlit, heilsa ✓ Heimili og húsbúnaður Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun	Ritunarverkefni Munnlegt próf Hlustunarpróf Málfræðiverkefni
14. okt. - 8. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Landið mitt (skrifleg og munnleg kynning) ✓ Ísland og náttúran ✓ Ferðalög og ferðamátar Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun	Munnleg og skrifleg landkynning
11. nóv.- 11. des.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Starfsheiti og starfsumsóknir (eyðublöð) ✓ Fritími og tómstundir ✓ Fatnaður ✓ Afþreying (kaffihús, samfélagsmiðlar) Hlustun, málfræði, lesskilningur, ritun Síðasti kennsludagur er 11. desember Ekkert lokapróf en öllum verkefnum þarf að vera lokið með lágmarkseinkunn	Ritunarverkefni - Skrifa starfsumsókn Munnlegt próf Hlustunarpróf Málfræðiverkefni

Sérreglur áfangans: Ekki er lokapróf úr áfanganum. Verkefni verða lögð fyrir úr öllum helstu námsþáttum og fer matið fram jöfnum höndum alla önnina.

Námsmat (skilaverkefni):

Talað mál og hlustun: 25%

Lesskilningur: 25%

Ritun: 25%

Skilaverkefni *Landið mitt*: 15%

Ástundun, vinnusemi, vinnulag: 10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Í ágúst 2024

Sigprúður Harðardóttir